

HRAUNSBÆNDUR



EFNISTAKA VESTAN ÖLFUSÁRÓSS í landi Hrauns í Ölfusi

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM Matsskýrsla

23. nóvember 2009

SAMANTEKT

Það verk sem hér er kynnt er efnistaka vestan Ölfusáróss í landi Hrauns í Sveitarfélaginu Ölfusi í Árnessýslu. Samkvæmt IV. ákvæði til bráðbirgða í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd skal afla námunni framkvæmdaleyfis. Í þessari frummatsskýrslu er fjallað um efnistöku samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Efnistaka þessi fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum samkv. 21. tölulið í 1. viðauka laga nr. 106/2000. Framkvæmdaraðilar eru Hraunsbændur.

Almennt

Efnistaka vestan Ölfusáróss í landi Hrauns í Ölfusi hefur verið stunduð frá árinu 1960. Námusvæðin eru staðsett við Eyrarbakkeveg (34) í um 55 km fjarlægð frá Reykjavík og eru sýnd á *fylgiskjali 1.3*, merkt námur 1-5. Námur merktar 2 og 4 eru ekki í vinnslu og ekki með í þessu umhverfismati. Þær námur sem hér eru teknar til umhverfismats eru merktar 1, 3 og 5. Framtíðarafmörkun þeirra er sýnd á *fylgiskjali 1.4*.

Sandnámið er endurnýjanlegt efnisnám þar sem haf og vindar sjá um að fylla í þar sem af er tekið. Ekki er verið að raska nýjum svæðum og eru námurnar lítt áberandi vegfarendum. Í fyrsta lagi er um að ræða sandnám á fjörukambinum á Óseyrartanga (*svæði 1*) og nokkru vestar á Hraunsskeiði (*svæði 3*). Í öðru lagi er um að ræða grjótnám sem er unnið niður í hraunið norðan við Eyrarbakkeveg (*svæði 5*). Samtals er hér um að ræða 45 ha svæði og efnistöku um 26.000m³ á ári eða alls 550.000 m³, á 20-25 árum.

Tillaga að matsáætlun var samþykkt hjá Skipulagsstofnun 13. maí 2009. Frummatsskýrsla er nú lögð fram til Skipulagsstofnunar. Gert er ráð fyrir að álit Skipulagsstofnunar liggi fyrir 1. janúar 2010.

Markmið

Markmið Hraunsbænda er að nýta þau gæði sem jörðin býr yfir. Tilgangur þessara framkvæmda er áframhaldandi efnisnám á sandi og grjóti til sölu til notkunar í iðnaðarframleiðslu og til mannvirkjagerðar. Hluti arðs vegna efnistökkunnar er notaður til uppgræðslu svæðisins.

Áfangaskipting

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri áfangaskiptingu.

Framkvæmdir, starfsemi

Námurnar eru í dag leigðar út til verktaka sem annast efnistöku. Að jafnaði eru tvær ámokstursvélar á svæðinu staðsettar í námu 3. Þar er lítill olíukálfur með eldneytisolíu. Tilfallandi í námu 3 er vélabúnaður til að harpa sandinn. Starfsmenn eru ekki að staðaldri á svæðinu heldur sjá bílstjórar flutningabíla sjálfir um ámoksturinn. Í námum 1 og 5 eru ámokstursvélar tilfallandi.

Staðhættir

Hraun í Ölfusi er mikil hlunnindajörð. Jörðin er staðsett við vatnsmestu á landsins sem er Ölfusá. Mikil veiði er í ánni og þar eru vinsælir veiðistaðir.

Eyrarbakkevegur (34) liggur um Óseyrartanga og yfir Óseyrarbrú til Eyrarbakka og Selfoss. Einnig 36 kV háspennulína Rarik, tréstaurlína og sími-ljósleiðari í jörð.

Uppgræðsla á sjávarkambinum með melgresi og áburðargjöf hefur farið fram síðan 1933. Frá 1969 hafa Hraunsbændur séð um landgræðslu á sínu landi í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Síðan 1970 hafa Hraunsbændur lagt ákveðið hlutfall af arði sandsölnunnar til uppgræðslu jarðarinnar.

Áhrifasvæði

Áhrifasvæði framkvæmda eru í meginatriðum skilgreind þannig:

Svæði 1: Sunnan Eyrarbakkavegar frá Óseyrarbrú og 100 m vestur fyrir afmörkun svæðisins.

Svæði 3: Sunnan Eyrarbakkavegar og 100 m austur og vestur fyrir afmörkun svæðis.

Svæði 5: 100 m út fyrir svæði 5 eins og afmörkun sýnir ásamt vegslóða.

Landslag

Landið er flatlendi og einkennist fyrst og fremst af Ölfusárósnum og leirunum innan við hann, sandfjörinni og melgresisgrónum fjörukambinum. Einnig hrauninu sem kemur undan sandinum norðan Eyrarbakkavegar. Vestari hluti hraunsins er hluti Leitarhrauns og austar er Þjórsárhraunið. Svæðið er um og innan við 10 m yfir sjávarmáli.

Náttúrufar

Gróðurfur einkennist af sendnum jarðvegi svæðisins og uppgræðslu þess þ.e. melgresi og síðan uppgræddu hrauninu ofan til. Á Hásteinaskeri, skerinu utan við sandfjöruna vaxa söl og annar sjávargróður. Mikil laxa- og silungsgengd er í Ölfusárósi. Fölbreytt fuglalíf er við ströndina, farfuglar sem fara þarna um. Lítið er um varpfugla við námurnar. Ekki er mikið um önnur dýr nema mýs og refi.

Landnotkun

Á Hrauni er stundaður hefðbundinn búskapur. Efnistaka vestan Ölfusáróss hefur átt sér stað frá 1960. Góðir veiðistaðir eru vestan við Ölfusárós og hafa Hraunsbændur um langa tíð selt þar veiðileyfi. Á Óseyrartanga er veitingastaðurinn Hafið Bláa. Eigendur eru ábúendur að Hrauni 2. Á Hásteinaskeri, sem er skerjagarður framan við efnistökusvæði 1 er sölvatekja. Nokkrir sumarbústaðir eru norðan og austan efnistökusvæðis 5.

Framkvæmdalýsing

Á efnistökusvæði 1 er um að ræða fjörusand, sem tekinn er neðan við gróðurmörk. Engar áætlanir eru um frágang námunar því sjórinn hefur séð um að bera upp í hana sandi jafn óðum í stað þess sem tekið er. Kornastærð sandsins er 0-4 mm. Á efnistökusvæði 3 er um að ræða foksand úr fjörinni sem safnast hefur í melgresiskambinn. Frágangi er þannig háttað að námubotninn er græddur upp með melgresi á tveggja til þriggja ára fresti. Kornastærð sandsins er 0-2 mm. Á efnistökusvæði 5 er um að ræða grjótnám. Vinnslan fer fram með þeim hætti að bergið er sprengt 1-4 m niður í hraunið. Frágangi námunar er þannig háttað að botninn er lagaður og grófjafnaður og svæðið látið græða sig upp sem mest sjálf til að kalla fram sem náttúrulegast gróðurfur.

Sandurinn úr námum 1 og 3 er misgrófur og notaður í hefðbundna pússningu og í iðnaðarframleiðslu á viðgerðarefnum, flotefnum og tilbúnum múrblöndum, í samkeppni við innflutt efni. Þá er sandurinn notaður sem undirlag í grasi klædda íþróttavelli. Grjótið er notað í vatnsvarnir, í burðarlög í vegi og plön og garðhleðslur.

Valkostir

Valkostir að mati framkvæmdaaðila eru að leggja efnistöku niður að hluta eða alla. Núllkosti, sem felst í því að aðhafast ekkert frekar, gæti fylgt breyting á náttúruferri frá því sem nú er. Við það að hætta efnistöku á svæði 1 gerist væntanlega lítið nema sandburður vestan við Ölfusáróss gæti heldur aukist. Við efnistöku á svæði 3 má vænta enn hraðari hækkunar melgresishóla með frekari hættu á rofi. Á efnistökusvæði 5 gerist ekkert frekar en orðið er.

Aðrar afleiðingar þess að hætta efnistöku þarna eru þær að tekjur ábúenda minnka og þar með sú uppgræðsla svæðisins sem kostuð hefur verið með tekjum af efnisöllum. Þá tefst sú vöruþróun sem átt hefur sér stað með sandinn til iðnaðarframleiðslu og notkunar í grasvelli. Á Hrauni er vís aðgangur að góðu hleðslugrjóti sem annars yrði tekið á öðrum svæðum.

Mat umhverfisáhrifa

Mat þetta byggir á niðurstöðum úr sérfræðiskýrslum. Lagt er mat á breytingar á útliti framkvæmdarsvæðis og sjónræn áhrif á áhorfendur. Skoðuð eru almenn gögn og upplýsingar um svæðið.

Lagt er mat á hvern þátt samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa frá desember 2005, bl. 19. Mat umhverfisáhrifa var lagt á þætti sem hér á eftir eru taldir.

Hljóðvist og loftmengun

Áhrif á hljóðvist og loftmengun vegna framkvæmdarinnar eru metin óveruleg.

Landslag/sjónræn áhrif

Landsvæðið er ekki ósnortið. Eftir því endilöngu liggur Eyrarbakkavegur og háspennulína (tréstaurlína). Yfir Ölfusáróssinn liggur Óseyrabrú og skammt vestan hennar er veitingastaðurinn Hafíð Bláa. Svæði 3 er lítt sýnilegt frá veginum og svæði 5 en síður. Efnistökusvæði 1 er tæplega sýnilegt frá veginum og ekki áberandi nema gestum veitingastaðarins. Áframhaldandi efnistaka breytir landslagi eða útsýni nánast ekkert frá því sem nú er. Áhrif framkvæmda varðandi landslag/sjónræn áhrif eru metin óveruleg.

Gróðurfar

Alls fundust 47 tegundir háplantna á svæðinu, einnig nokkrar tegundir lágplantna, 9 tegundir mosa og 4 tegundir fléttna. Þarna ríkir bersvæðisgróður. Gróðursamfélögin á svæðinu eru ekki sjaldgæf á landsvísu og gróður ekki sérstakur eða sjaldgæfur á landsvísu. Engar válistaplöntur vaxa á svæðinu. Sandnámurnar á svæði 3 eru á rofsvæði (efni tekið úr fjúkandi hólum eða sjávarkambi). Melgresiskamburinn fer stöðugt hækkandi á þessu svæði og er að verða of hár. Áhrif framkvæmda á gróðurfar eru metin óveruleg.

Dýralíf

Náma 1 stendur við Ölfusáróss og er innan marka mikilvægs fuglasvæðis sem nefnt er Ósasvæði Ölfusár. Meðan náman er unnin eins og nú er ætlað að hún muni hafa óveruleg áhrif á fuglalífið við ósasvæðið. Á sjálfu námusvæðunum er lítið fuglalíf. Varpfuglar sem fundust voru kría, sandlóa, heiðlóa, spói, þúfutittlingur, maríuerla og steindepill. Þau spendýr sem sáust eru mýs og refir. Áhrif framkvæmda á dýralíf eru metin óveruleg.

Jarðfræði

Sandnámurnar innihalda sama efnið, basaltsand, en með ólíkri kornastærð og því er ekki hægt að sameina þær í eina. Ekkert lát er á endurnýjun sandsins við ósinn, a.m.k. svo lengi sem eðli Hvítár verður ekki breytt. Svo virðist sem myndun foksandshóla á þessu svæði sé í sókn, meira fjúki upp úr fjörunni af sandi en sem nemur viðhaldi hólanna. Hraun er undir sandinum allsstaðar meðfram ströndinni á milli Ölfusáróss og Þorlákshafnar og aðeins fáeinir metrar niður á það. Úti fyrir ósnum eins og hann er nú og vestur fyrir hann er skerjagarður úr hrauni, Þjósárhrauninu mikla, sem gerir þennan ólíkan flestum ósum sandstrandanna á Suðurströndinni og mótar hann.

Hraunið sem efnistökusvæði 5 er í er tunga úr Leitahrauni. Verndargildi þessarar hrauntotu er í sjálfu sér lágt. Efnistakan í sandnámunum er sjálfbær og ekki annað að sjá en að námurnar endurnýi sig. Áhrifin framkvæmda varðandi jarðfræði svæðisins eru metin í heild óveruleg.

Vatnafar

Grunnvatnsstraumur af Hellisheiðarsvæðinu nær austur undir Ölfusá. Straumurinn liggur ofan af landinu undir námuna og beint til strandar. Þetta grunnvatn kemur að öllum líkindum aldrei til með að verða notað sem neysluvatn. Engin vatnsból eru í nánd við svæði. Áhrif framkvæmda á vatnafar eru metin óveruleg.

Fornminjar

Fornleiðin lá yfir hraunið og efnistökusvæði 5. Hún var vörðuð en er nú annars lítt eða ekki sýnileg. Tvær vörður og eitt vörðubrot eru innan efnistökusvæðis 5. Vörðurnar hafa verið varðveittar af Hraunsbændum hingað til og verður svo áfram en gert er ráð fyrir að vörðubrotið víki og hluti leiðarinnar við það. Vörðurnar á svæðinu verða mældar og færðar inn á kort. Engar aðrar fornminjar er vitað um á þessu svæði. Áhrif framkvæmdar á fornleifar eru metnar óverulegar.

Samfélagsleg áhrif

Svæðið vestan við ósinn er vinsælt til útivistar og sem veiðistaður. Veitingastaðurinn Hafíð Bláa gerir út á staðinn og útsýnið. Reiðleið er um fjöruna. Ekki er séð að framkvæmdin hafi eða muni trufla útivistarfólk eða vegfarendur aðra sem um svæðið. Framkvæmdin rýrir ekki þá landnýtingu sem fyrir er. Efnistaka hefur átt sér stað í Hraunlandi um áratugi og efnið notað til mannvirkjagerðar, iðnaðarframleiðslu og handverks. Framkvæmdin fellur að skipulagsmarkmiðum sveitarfélagsins. Í heild eru áhrif framkvæmda á samfélag metin verulega jákvæð.

Náttúruverndarsvæði

Ekki eru þarna verndarsvæði samkvæmt náttúruverndarlögum.

Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum

Heildaráhrif framkvæmda eru metin verulega jákvæð

Skipulag

Námusvæðin í landi Hrauns eru inni á gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014. Fyrirhuguð efnistaka í landi Hrauns er alls 550.000 m³ á 45 a svæði. Í greinargerð aðalskipulags er gert ráð heildarefnisvinnslu 300-450.000 m³ á 15 ha svæði. Gera þarf breytingar á aðalskipulagi til samræmis framkvæmd þessari. Ekki er til deiliskipulag fyrir þetta svæði.

FRUMMATSSKÝRSLA – efnisyfirlit

SAMANTEKT	1
1 INNGANGUR.....	6
1.1 Framkvæmdaraðili	7
1.2 Ráðgjafar og höfundar.....	7
1.3 Markmið framkvæmda.....	7
1.4 Matsskylda	7
1.5 Áfangaskipting	8
1.6 Tímaáætlun.....	8
1.7 Framkvæmdir og starfsemi.....	8
2 FRAMKVÆMDA- OG ÁHRIFASVÆÐI.....	9
2.1 Staðhættir, áhrifasvæði.....	9
2.2 Landslag	10
2.3 Náttúrufar	10
2.4 Landnotkun.....	10
3 FRAMKVÆMDALÝSING	11
3.1 Framkvæmdalýsing	11
3.2 Magntölur	12
3.3 Valkostir	12
4 UMFANG OG ÁHERSLUR MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM	13
4.0 Almenn	13
4.1 Hljóðvist.....	13
4.2 Loftmengun	14
4.3 Landslag/sjónræn áhrif.....	14
4.4 Gróður	16
4.5 Dýralíf	17
4.6 Jarðfræði.....	18
4.7 Vatnafar	20
4.8 Fornminjar.....	22
4.9 Samfélagsleg áhrif.....	22
4.10 Svæði á Náttúruminjaskrá	23
4.12 Samantekt á niðurstöðum á umhverfismati	24
5 SKIPULAG, LEYFI.....	24
6 SAMRÁÐ, KYNNING	25
7 GÖGN OG HEIMILDIR.....	27
8 MYNDIR.....	28
FYLGISKJÖL 1. Kort og gögn.....	29
FYLGISKJÖL 2. Sérfræðiskýrslur	29
FYLGISKJÖL 3. Umsagnir umsagnaraðila við matsáætlun.....	29
FYLGISKJÖL 4. Umsagnir umsagnaraðila við frummatsskýrslu.....	29

1 INNGANGUR

Efnistaka vestan Ölfusáróss í landi Hrauns í Ölfusi hefur verið stunduð allt frá árinu 1960. Námusvæðin eru staðsett við Eyrarbakkaveg (34) í um 55 km fjarlægð frá Reykjavík. Um er að ræða sandnám á fjörukambinum á Óseyrartanga og Hraunsskeiði og grjótnám sem er unnið niður í hraunið norðan við Eyrarbakkaveg á móts við vestara sandnámið.

Námusvæðin eru sýnd á *fylgiskjali 1.3* merkt námur 1-5. Námur merktar 2 og 4 eru ekki í vinnslu og ekki fyrirhuguð frekari vinnsla í þeim að svo komnu. Þær eru því ekki með í þessu umhverfismati. Þau námur sem hér eru teknar til umhverfismats eru merktar 1, 3 og 5. Framtíðarafmörkun efnistökusvæðanna eru sýnd á *fylgiskjali 1.4*, merkt 1, 3 og 5. Samtals er hér um að ræða 45 ha svæði og efnistöku um 26.000m³ á ári eða alls 550.000 m³, á 20-25 árum.

Efnistökusvæði 1, staðsett yst á Óseyrartanga

Efnisnám er fjörusandur neðan við melgresiskamb

Opnuð 1974, núverandi afmörkun er 3,6 ha

Framtíðarafmörkun: 5 ha

Efnistaka á ári er áætluð um 2.000m³, næstu 20 árin

Heildarefnistaka: 40.000 m³

Efnistökusvæði 3, staðsett í sjávarkambinum vestar á tanganum, á Hraunsskeiði

Efnisnám er foksandur í melgresiskambi

Opnuð 1960, núverandi afmörkun er 4.8 ha í tveimur hlutum

Framtíðarafmörkun: 25 ha

Efnistaka á ári er áætluð um 18.000m³, næstu 20 árin

Heildarefnistaka: 360.000 m³

Efnistökusvæði 5, grjótnáma í hrauninu um 500 m upp af Eyrarbakkavegi

Efnisnám er grjót ofan í hraunið

Opnuð 1986, núverandi afmörkun er 5 ha

Framtíðarafmörkun: 15 ha

Efnistaka á ári er áætluð um 6.000m³ ári, næstu 25 árin

Heildarefnistaka: 150.000 m³

Á síðustu áratugum hefur orðið mikil breyting á sjávarkambinum vestan frá Ölfusáróssnum. Mikill sandur hefur hlaðist þar upp með þeim afleiðingum að kamburinn er farinn að rofna og fjúka inn á landið. Sandnám á þessu svæði er því jákvætt vegna þessara aðstæðna.

Efnistaka þessi hefur ávallt verið í góðu samkomulagi við Landgræðsluna og aðra sem framkvæmdina varðar. Sérstakt tillit hefur verið tekið til náttúrunnar af jarðeigendum sem hafa lagt sig fram um að nýta þau landgæði sem jörðin Hraun býður upp á. Sandnámið er endurnýjanlegt efnisnám þar sem haf og vindar sjá um að fylla í þar sem af er tekið. Svæðið er vel staðsett með tilliti til flutninga á Stór-Reykjavíkursvæðið og um Suðurland.

Ekki er verið að raska nýjum svæðum. Þarna hefur efnistaka átt sér stað í langan tíma og eru námurnar lítt áberandi vegfarendum þótt þær séu rétt við Eyrarbakkaveg.

1.1 Framkvæmdaraðili

Framkvæmdaraðilar eru Hraunsbændur, en þeir eru eigendur jarðarinnar Hrauns í Ölfusi. Annars vegar Hraunsós ehf Hrauni 1 og hins vegar Þórhildur Ólafsdóttir Hrauni 2.

1.2 Ráðgjafar og höfundar

Frummatsskýrsla:

Bölti ehf.

Sigurður Þ Jakobsson, tæknifræðingur

Skýrslur um gróðurfar og dýralíf:

Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur

Ólafur Einarsson, líffræðingur

Jarðfræði og vatnafar:

Páll Imslund, jarðfræðingur

Athugun á fornleifum:

Fornleifafræðistofan.

Bjarni F Einarsson, fornleifafræðingur

Hraunsbændur

Hrafnkell Karlsson, bóndi, Hrauni 1

1.3 Markmið framkvæmda

Hraunsbændur hafa lagt sig fram við að nýta landgæði á Hrauni. Auk efnistökkunnar, sem hér er sérstaklega fjallað um, má nefna silungs- og laxveiði í Ölfusárósi, sölvatekju við Óseyrartanga og hefðbundinn búskap. Markmið Hraunsbænda er að nýta og hafa tekjur af þeim gæðum sem jörðin býr yfir.

Tilgangur þessara framkvæmda er áframhaldandi efnistaka á sandi og grjóti til sölu, aðallega á Stór-Reykjavíkursvæðinu, eins og verið hefur um áratugi auk þess sem efnistakan tengist uppgræðslu svæðisins eins og fram kemur síðar og tilgangurinn þannig einnig uppgræðsla jarðarinnar.

1.4 Matsskylda

Samkvæmt IV. ákvæði til bráðbirgða í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd skal afla efnistökkunni framkvæmdaleyfis. Hér verður fjallað um efnistökkuna samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Efnistaka þessi fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum samkv. 21. tölulið í 1. viðauka laga nr. 106/2000 en þar segir (með síðari breytingum):

“Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri”.

Efnistakan sem hér um ræðir fer yfir þessi mörk. Sveitarfélagið Ölfus lagði fram fyrirspurn dags. 19.08.04 til Skipulagsstofnunar um hvort sandnámið í landi Hrauns í Ölfusi félli undir ofangreind lög um matsskyldu. Svar Skipulagsstofnunar 27.09.04 var að svo væri. Framkvæmdaraðili lagði fram á fundi með Skipulagsstofnun fyrirspurn um hvort námurnar þrjár þ.e. 1, 3 og 5 gætu farið í sameiginlegt umhverfismat. Svar Skipulagsstofnunar 17.12.08 var að ekkert mælti á móti því og er það því gert.

Vinnu við matsferlið er hagað í samræmi við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð nr. 1123/2005.

1.5 Áfangaskipting

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri áfangaskiptingu. Miðað er við að efnistakan fari fram samfellt, en hún mun að sjálfsögðu alltaf verða háð markaðsaðstæðum hverju sinni. Á efnistökusvæði 1 er efnið ávallt tekið á sama stað en sjórinn sér um að fylla stöðugt á. Verði á því breyting verður efnistakan þar endurskoðuð. *Fylgiskjal 1.5* er efnistökuáætlun fyrir svæði 5.

1.6 Tímaáætlun

<i>Verkhloti</i>	<i>Dagsetning</i>	<i>Lögbundinn tími</i>
Drög að tillögu að matsáætlun kynnt Skipulagsstofnun	23.2.2009	
Almenn kynning á tillögu að matsáætlun	2.3.2009	2 vikur
Tillaga að matsáætlun til Skipulagsstofnunar	17.3.2009	4 vikur
Frummatskýrsla til Skipulagsstofnunar	23.9.2009	8 vikur
<i>Matsskýrsla til Skipulagsstofnunar</i>	<i>23.11.2009</i>	<i>4 vikur</i>
<i>Álit skipulagsstofnunar liggur fyrir</i>	<i>21.12.2009</i>	

1.7 Framkvæmdir og starfsemi

Námurnar eru í dag leigð út til verktaka sem eru :

Svæði 1: BM Vallá hf og Hrauns-sandur ehf

Svæði 3: BM Vallá hf og Hrauns-sandur ehf

Svæði 5. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða

Umfang efnistökkunnar fer eftir framkvæmdum og ástandi í samfélaginu. Sandnámið er nokkuð reglulegt og tengist bæði ný- og viðhaldsframkvæmdum en grjótnámið er meira háð sérstökum framkvæmdum.

Að jafnaði eru tvær ámokstursvélar á svæðinu og eru þær staðsettar í námu 3. Þar er einnig lítill olíukálfur með eldneytisolíu. Þar var aðstöðuskúr sem hefur verið fjarlægður. Tilfallandi í námu 3 er vélabúnaður til að harpa sandinn. Starfsmenn eru ekki að staðaldri á svæðinu heldur sjá bílstjórar flutningabíla sjálfir um ámoksturinn. Í námum 1 og 5 eru

ámokstursvélur tilfallandi (fluttar í námu 1 úr námu 3). Í námu 1 er ekki unnið um helgar, frá föstudagssíðdegi, vegna gesta veitingarstaðarins Hafíð Bláa.

2 FRAMKVÆMDA- OG ÁHRIFASVÆÐI

2.1 Staðhættir, áhrifasvæði

Hraun í Ölfusi er mikil hlunnindajörð. Jörðin er staðsett við vatnsmestu á landsins sem er Ölfusá. Áin er jökullituð, með ársmeðalrennsli 425 m³/sek, algengt sumarrennsli 330-470 m³/s og vetrarrennsli 300-500 m³/s. Mesta flóð hefur mælst 2500 m³/s. Innan við Óseyrartangann breiðir áin úr sér, allt að 5 km, og myndar þar miklar leirur til vesturs áður en hún rennur til sjávar austan við tangann. Sjávarfalla gætir upp eftir ánni allt að 10 km þegar hásjávað er.

Mikil veiði er í ánni en þar eru vinsælir veiðistaðir þar sem veiðist sjóbirtingur og bleikja.

Áður mun ósinn hafa verið miklu vestar en nú eða vestan við öldu sem nefnist Miðalda (*fylgiskjal 1.6*). Þegar áin og sjórinn þrængdu að ósnum með sandi og leirburði braut hún sér farveg austar þar sem hann er nú. Milli kvíslanna myndaðist þá stór hólmi, sem hét Skerðingarhólmi. Seinna fylltist svo vestari kvíslin upp og Skerðingarhólminn bættist við Skeiðið og lagðist undir bæinn Hraun. Austurhluti svæðisins var kallaður Óseyrartangi. Fjaran þar fyrir vestan er Hraunsskeið og enn vestar Hafnarskeið. Framan við Óseyrartangann, rétt vestan við Ölfusárósin, er Hásteinar, skerjagarður sem kemur upp úr á fjöru (*mynd 1*). Innan við skerjagarðinn er Hásteinalón.

Eyrabakkavegur (34) liggur milli efnistökusvæða 3 og 5, um Óseyrartanga og yfir Óseyrarbrú (byggð 1988) til Eyrabakka og Selfoss. Meðalársumferð (ÁDU) um Óseyrarbrú 2008 var 1067 bílar á dag.

Um Óseyrartanga sunnan Eyrabakkavegar, norðan við efnistökusvæði 1 og sunnan við efnistökusvæði 3, liggur 36 kV háspennulína Rarik, tréstaurlína (*mynd 3*). Einnig liggur um svæðið sími-ljósleiðari, plægður í jörð.

Á aðalskipulagsupprætti er merkt reiðleið um Hafnarskeið og Óseyrartanga. Hún liggur frá Þorlákshöfn og er í fjöruborðinu sunnan við efnistökusvæði 3, fer svo norður yfir tangann nokkru austar eða þar sem náma 2 var. Þessi reiðleið skiptist síðan ofan við Eyrabakkaveg og fer austur yfir Óseyrarbrú annars vegar og hins vegar upp í Ölfus hjá Hrauni.

Vestan efnistökusvæðis 5 er skotæfingasvæði Skotíþróttafélags Suðurlands, um 40 ha, en það svæði er staðsett í landi Þorlákshafnar.

Uppgræðsla á sjávarkambinum með melgresi og áburðargjöf hefur farið fram síðan 1933. Þá var verulegur hluti af Hraunslandi girtur og friðaður af Sandgræðslu ríkisins, (síðar Landgræðslu ríkisins). Frá 1969 hafa Hraunsbændur alfarið séð um landgræðslu á sínu landi en í farsælu samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Árið 1970 ákváðu Hraunsbændur að leggja ákveðið hlutfall af arði sandsölunnar til uppgræðslu jarðarinnar. Hundruðum tonna af fræi og áburði hefur verið dreift á landið með góðum árangri. Lúpínu hefur verið sáð í nokkur svæði á hrauninu ofan við veginn með góðum árangri. Við uppgræðslu seinni árin hefur einnig verið notaður húsdýraáburður og heyúrgangur verið settur í

rofsár. Á seinni árum hefur trjám verið plantað á nokkrum stöðum í svæðið norðan við Eyrarbakkeveg.

Áhrifasvæði framkvæmda eru í meginatriðum skilgreind þannig:

Svæði 1: Sunnan Eyrarbakkeveg frá Óseyrarbrú og 100 m vestur fyrir afmörkun svæðisins.

Svæði 3: Sunnan Eyrarbakkeveg og 100 m austur og vestur fyrir afmörkun svæðis.

Svæði 5: 100 m út fyrir svæði 5 eins og afmörkun sýnir ásamt vegslóða.

Í skýrslum náttúrufræðinga eru skilgreind þau mörk sem þar er miðað við.

2.2 Landslag

Landið er flatlendi og einkennist fyrst og fremst af Ölfusárósnum og leirunum innan við Óseyrartangann, sandfjörrunni og melgresigrónum foksandshólunum á fjörukambinum sunnan Eyrarbakkeveg, og síðan sjálfu hrauninu sem er undir sandinum en kemur undan honum til norðurs, norðan Eyrarbakkeveg. Vestari hluti hraunsins er hluti Leitarhrauns sem er um 5000 ára gamalt. Austar er Þjórsárhraunið mikla sem er um 8000 ára gamalt. Hraunið er helluhraun tiltölulega slétt yfirferðar á þessum slóðum og gróið enda hefur uppgræðsla átt sér stað þarna í nokkra áratugi. Svæðið er um og innan við 10 m yfir sjávarmáli.

2.3 Náttúrufar

Á Eyrarbakka er veðurathugunarstöð Veðurstofu Íslands. Í Þorlákshöfn er sjálfvirk veðurathugunarstöð sem Þorlákshöfn rekur. Meðfylgjandi eru vindrósir frá þessum veðurstöðvum (*fylgiskjal 1.7*). Ríkjandi eru norðlægir vindar, einkum yfir vetrarmánuðina en suðlægir vindar frekar yfir sumarmánuðina. Hvössust er SA áttin. Á Eyrarbakka er meðalhiti árána 1991-2000 4.1°C og ársúrkoma 1373 mm.

Gróðurfar einkennist af sendnum jarðvegi svæðisins og uppgræðslu þess þ.e. melgresi og síðan uppgræddu hrauninu ofan til. Þar eru áberandi grös og lúpína. Á Hásteinaskeri, skerinu utan við sandfjöruna vaxa söl og annar sjávargróður. Mikil laxa- og silungsgengd er í Ölfusárósi. Mjög fjölbreytt fuglalíf er við ströndina, farfuglar sem fara þarna um. Lítið er um varpfugla næst fjörrunni en meira sem ofar dregur. Ekki er mikið um önnur dýr nema mýs og refi og selir sjást oft í ósnum.

Nánari skil eru gerð á náttúrfari í skýrslum náttúrufræðinga (*fylgiskjöl 2*). Vettvangsskoðanir fóru fram sumarið 2008.

2.4 Landnotkun

Á Hrauni er stundaður hefðbundinn búskapur með búfenað og ræktun jarðávaxta.

Efnistaka vestan Ölfusáróss hefur átt sér stað frá 1960 eins og áður er greint.

Góðir veiðistaðir eru vestan við Ölfusárós innanverðan og hafa Hraunsbændur um langa tíð selt þar veiðileyfi og stundað þar veiði sjálfir.

Á Óseyrartanga vestan námu 1 er veitingastaðurinn Hafíð Bláa. Eigendur eru ábúendur að Hrauni 2.

Á Hásteinaskeri rétt vestan við Ölfusárósinn, framan við námu 1 er sölvatekja. Hún fer fram á haustin. Hraunsbændur tína þar sölin og selja.

Nokkrir sumarbústaðir eru norðan og austan námu 5. Námurnar sjást ekki frá þeim.

3 FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 Framkvæmdalýsing

Afmörkun efnistökusvæða er sýnd á *fylgiskjali 1.4*

Efnistökusvæði 1

Náman í dag er í raun aðeins um 1000m² að stærð (*mynd 2*). Um er að ræða fjörusand, sem tekinn er neðan við gróðurörk (melgresiskamb) þar sem efnisnám er í sjávarborði hefur ekki verið numið meira en sem nemur því sem sjórinn ber upp í námugryfjuna jafnóðum. Náman hefur verið starfrækt frá 1974, þá aðeins að vetri til þar til Eyrarbyggvegur var lagður. Nú er tekið úr henni vikulega. Efnistaka síðustu 10 ár er að meðaltali um 1.500 m³ á ári. Ekki eru til frekari upplýsingar um efnistöku úr þessari námu sérstaklega. Efnistaka á ári verður um 2.000m³ að meðaltali og eru áætlað að nýta hana í 20 ár. Engar áætlanir eru um frágang námunar því sjórinn hefur séð um að bera upp í hana sandi jafn óðum í stað þess sem tekið er. Kornastærð sandsins er 0-4 mm.

Efnistökusvæði 3

Náman er tvískipt, þ.e efnisnámið er á tveimur stöðum (*myndir 6 og 7*). Um er að ræða foksand úr fjörinni sem safnast hefur í melgresiskambinn. Náman hefur verið starfrækt frá 1968. Efnismagn á ári verður að meðaltali um 18.000m³ (meðaltal sl. 3 ár) og eru áætlanir um að nýta hana í 20 ár. Frágangi þess svæðis þar sem unnið hefur verið er þannig háttáð að námubotninn er græddur upp með melgresi á tveggja til þriggja ára fresti. Kornastærð sandsins er 0-2 mm.

Efnistökusvæði 5

Grjótnáman er í hrauninu um 500 m upp af Eyrarbyggvegi (*myndir 10 og 11*). Efnisnámið fer þannig fram að bergið er sprengt niður í hraunið. Það sem unnið er í hleðslugrjót er tekið efst, niður á um 1 m dýpi. Grjót til annarra nota er unnið niður í allt að 4 m dýpi. Náman hefur verið starfrækt frá 1986. Efnismagn á ári er breytilegt 200-3.000 m³. Áætlanir um nýtingu hennar er að halda henni opinni í a.m.k. 25 ár. Búið er að ganga frá hluta svæðisins þar sem hleðslugrjót hefur verið tekið. Gert er ráð fyrir að hleðslugrjót verði unnið ofan af mestum hluta svæðisins. Grjót til annarra nota verður unnið út frá miðju svæðis, því ekki verður nema hluti þess unninn niður á 4 m dýpi. Gerð hraunsins mun þó nokkru ráða þar um. Frágangi svæðis verður þannig háttáð að botninn er lagaður og grófjafnaður og svæðið látið græða sig upp sjálft til að kalla fram sem náttúrulegast gróðurfar.

Gengið er út frá því að starfsemin á efnistökusvæðunum verði áfram með sama hætti og verið hefur sbr. kafla 1.7.

Sandurinn úr námum 1 og 3 er misgrófur og notaður í mismunandi blöndur. Sandurinn er í fyrsta lagi notaður beint í hefðbundna pússningu. Í öðru lagi er hann notaður í iðnaðarframleiðslu á viðgerðarefnum, flotefnum og tilbúnum múrblöndum, í samkeppni

við innflutt efni. Þá er sandurinn notaður sem undirlag í grasi klædda íþróttavelli og má þar nefna íþróttavöllinn í Þorlákshöfn, Víkingsvöllinn og Valsvöllinn í Reykjavík.

Grjótið er notað í vatnsvarnir og má þar nefna grjótvarnir við vegi að Óseyrarbrú og sjóvarnargarða við Stokkseyri og Eyrarbakka. Einnig er efnið malað og notað í burðarlög í vegi og plön. Þá er grjótið mikið notað í garðhleðslur ýmiss konar. Þar má nefna hlaðinn garð við Þjóðarbókhöðuna (*mynd 14*) og grjótgarða á Þingvöllum.

3.2 Magntölur

Í töflunni eru teknar saman helstu magntölur fyrir framtíðarefnistöku í Hraunslandi.

	Afm. stærð	árafjöldi	árleg efnistaka	heildar efnistaka
	ha		m ³	m ³
Svæði 1	5	20	2.000	40.000
Svæði 3	25	20	18.000	360.000
Svæði 5	15	25	6.000	150.000
Samtals:	45		26.000	550.000

3.3 Valkostir

Það mætti hugsa sér að minnka afmörkunarsvæðin, en það hefur í sjálfu sér lítinn eða engan tilgang að mati framkvæmdaraðila. Valkostir eru í raun ekki aðrir en þeir að leggja efnistöku niður að hluta eða alla. Það ber að hafa í huga að uppgræðsla svæðisins er tengd efnistöku eins og áður hefur komið fram.

Núllkosti, sem felst í því að aðhafast ekkert, gæti fylgt breyting á náttúrufari frá því sem nú er, og breytir einnig afkomu ábúenda.

Við það að hætta sandnámi á svæði 1 gerist væntanlega lítið nema sandburður vestan við Ölfusáróss gæti heldur aukist ef eitthvað væri. Á s.l. ári þurfti Vegagerðin að fjarlægja sand þar af Eyrarbakka vegi. Við það að hætta sandnámi á svæði 3 má vænta enn hraðari hækkunar melgresishóla með frekari hættu á rofi. Rarik hefur þurft að moka sandi frá staurastæðum háspennulínunnar á þessu svæði. Í grjótnámu á svæði 5 gerist ekkert frekar en orðið er.

Aðrar afleiðingar þess að hætta efnistöku þarna eru þær að tekjur ábúenda minnka. Þar með leggst niður uppgræðsla svæðisins sem nemur þeim hluta sem kostaður hefur verið með tekjum af efnistöku. Þá getur tafist sú vöruþróun sem átt hefur sér stað með þennan sand til iðnaðarframleiðslu. Það þarf þá þarf að finna annað efnistökusvæði með nothæfu efni, rannsaka og þróa blöndur. Komin er þekking og reynsla á notkun sandsins undir grasvelli. Á Hrauni er vís aðgangur að góðu hleðslugrjóti sem annars yrði tekið á öðrum svæðum, jafnvel óröskuðum svæðum. Að mati framkvæmdaraðila hefur það neikvæð áhrif að hætta allri efnistöku á Hrauni.

4 UMFANG OG ÁHERSLUR MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM

4.0 Almennt

Vinnu við matsferlið verður hagað í samræmi við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð n. 1123/2005. Við gerð frummatsskýrslu hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem fram komu hjá umsagnaraðilum og í ákvörðun skipulagstofnunar við matsáætlun (*fylgiskjöl 3.*)

Áhrifasvæði framkvæmdar er í meginráttum skilgreint í kafla 2.1. Mörk framkvæmdasvæðis hafa verið ákveðin og eru sýnd á *fylgiskjali 1.4*. Ekki er gert ráð fyrir beinu raski utan framkvæmdasvæðis nema vegslóðar sem fyrir eru. Sjónræn áhrif og hljóðvist eru fyrst og fremst metin út frá Eyrarbakkegi .

Við mat á umhverfisáhrifum er tekið mið af leiðbeiningum Skipulagstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa, des. 2005.

4.1 Hljóðvist

Gögn og rannsóknir.

- Heimasíða Vegagerðarinnar, <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>
Hljóðmælingar hafa ekki verið gerðar á svæðinu í tengslum við framkvæmdina.

Grunnástand:

Sjávarniður einkennir ströndina, þ.e. við svæði 1 og 3. Umferðarniður er frá bílaumferð um Eyrarbakkegi. Árdagsmeðalumferð um Eyrarbakkegi 2008 er 1067 bílar. Í nánum eru tvö ámoksturstæki í gangi tilfallandi og ferðir flutningabíla eru örfáar á dag. Sprengingar í námu 5 eru afar sjaldan, innan við 10 sinnum á ári nema til komi stærri verk.

Viðmið:

- Reglugerð um hávaða nr. 724/2008
- Mat á áhrifum vegna framkvæmda á íbúa í grennd.

Einkenni áhrifa og vægi:

Um er að ræða 2-3 ámoksturstæki á svæðinu öllu og ferðir flutningabíla verða að jafnaði um 5-6 á dag. Ferðir flutningabíla eru einungis örlítið brot umferðar um Eyrarbakkegi.

Ekki er unnið í námu 1 um helgar af tillitsemi við veiðimenn við ósinn og gesti veitingastaðarins.

Varðandi sprengingar í námu 5 má geta þess að æfingasvæði Skotípróttafélags Suðurlands er skammt vestan efnistökusvæðis 5 eða í um 600 m fjarlægð og sé um ónæði að ræða af völdum sprengidyns á þessu svæði er það þaðan.

Íbúðabyggð er fjarri efnistökusvæðunum. Yfir 2 km frá efnistökusvæði 5 og yfir 3 km frá efnistökusvæði 3. Frístundabyggð er einnig fjarri eða um 1.1 km frá efnistökusvæði 5 og 2 km frá námusvæði 3. Til samanburðar má geta þess að um 160 m eru frá Eyrarbakkegi að skipulagðri íbúðabyggð á Eyrarbakka. Vegna fjarlægðar frá

Íbúðabyggð er gengið út frá því að áhrif vegna hávaða frá framkvæmdinni sé langt innan þeirra marka sem kveðið er á um í reglugerð nr. 724/2008.

Mótvægisáðgerðir:

Vinnuvélar eru ekki hafðar í gangi nema við mokstur.

Niðurstaða:

Áhrif framkvæmda á hljóðvist umhverfis eru metin óveruleg.

4.2 Loftmengun

Gögn og rannsóknir:

- Heimasiða Vegagerðarinnar, <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>
Mælingar á loftgæðum hafa ekki verið gerðar á svæðinu í tengslum við framkvæmdina.

Grunnástand:

Ferskt sjávarloft einkennir ströndina, þ.e. svæði 1 og 3. Útblástursmengun er frá umferð um Eyrarbyggðaveg. Framkvæmdinni sem slíkri fylgir engin eiginleg rykmengun en efnisnám á svæði 3 stendur þó í beinu sambandi við sandfok svæðisins.

Viðmið:

- Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999
- Reglugerð um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppspretta nr. 788/1999
- Mat á áhrifum vegna framkvæmdar á íbúa í grennd.

Einkenni áhrifa og vægi:

Í ofangreindum lögum og reglugerðum er kveðið á um mörk vegna mengunar frá hreyfanlegum tækjum. Þó ekki liggi fyrir mælingar af svæðinu er gengið út frá því og tekið mið af öðrum stöðum þar sem mælingar hafa verið gerðar, að loftmengun á svæðinu sé langt undir þeim mörkum sem sett þar eru fram.

Sú loftmengun sem kann að vera á svæðinu í dag stafar frá daglegri bílaumferð um Eyrarbyggðaveg en er þó innan marka sem um hana er sett. Viðbótarloftmengun frá tveimur ámokstursvélum og flutningabílum vegna framkvæmdanna breytir engu þar um. Framtíðarefnistakan mun ekki hafa neina aukna loftmengun í för með sér frá því sem nú er.

Mótvægisáðgerðir:

Vinnuvélar eru ekki hafðar í gangi nema við vinnu.

Niðurstaða:

Áhrif framkvæmda á loftgæði umhverfis eru metin óveruleg

4.3 Landslag/sjónræn áhrif

Gögn og rannsóknir

Hér er lagt til grundvallar að skoða útlit svæðisins í heild, frá þeim stöðum sem þaðan sem framkvæmdin er sýnileg og máli skiptir fyrir áhorfendur. Skipta áhorfendum í hópa

eftir tilgangi þeirra um svæðið. Dregin er almenn ályktun sem niðurstaða fyrir mat á sjónrænum áhrifum efnistökkunnar.

Grunnástand

Landsvæðið sem hér um ræðir er flatlendi, sandfjara með melgresisgrónum foksandshólum á fjörukambinum. Rétt utan við sandfjöruna austan til er skerjagarður, Hásteinar, sýnilegur á fjöru. Ofar er uppgræddur sandur og síðan kemur tiltöluleg slétt hraunið mikið gróið sem nær allt til fjallsróta í 7-8 km fjarlægð. Megineinkenni svæðisins er Ölfusárósinn, Óseyrartanginn og leirurnar innan við hann. Gróðurfar einkennist af sendnum jarðvegi svæðisins og uppgræðslu þess þ.e. melgresi og síðan uppgræddu hrauni ofan til.

Landsvæðið er ekki ósnortið. Eftir því endilöngu liggur Eyrarbakkavegur með nokkurri umferð. Eftir tanganum liggur einnig háspennulína (tréstaurlína). Yfir Ölfusárósinn liggur Óseyrabrú og skammt vestan hennar er veitingastaðurinn Hafíð Bláa. Eyrarbakkavegur liggur milli efnistökusvæða 3 og 5. Efnistökusvæði 3 er lítt sýnilegt frá veginum (*mynd 9*) og svæði 5 sést ekki (*mynd 13*). Efnistökusvæði 1 er rétt sunnan við veginn og tæplega sýnilegt frá honum og ekki áberandi nema gestum veitingastaðarins (*myndir 4-5*).

Þeir sem um þetta landsvæði fara eru fyrst og fremst vegfarendur, veiðimenn innan við ósinn, þeir sem stoppa við Óseyrabrú til að skoða náttúruna, gestir veitingastaðarins og stöku hestamenn.

Viðmið

- Áhrif framkvæmda á umhverfi með tilliti til ósnortinnar náttúru og sérstöðu.
- Áhrif framkvæmda á vegfarendur.
- Áhrif framkvæmda með tilliti til lokafrágangs.

Einkenni áhrifa og vægi

Efnistökusvæði 1 er lítið annað en gryfja eða gryfjur í sandinn sem sjórinn fyllir jafnóðum (*myndir 1 og 2*). Efnistakan er þarna tilfallandi. Áhrif framkvæmda eru tímabundin, í mjög skamman tíma. Vegfarendur sjá lítt námu 1 þar sem melkollar skyggja á. Þeir sem stunda veiði þarna eru í ósnum innanverðum og sjá ekki til efnistökusvæða 1 og 3. Þeim sem stoppa við brúarendann til að njóta náttúrunnar og gestum veitingastaðarinn er svæði 1 sýnilegt. Tekið er tillit til þessara aðila með því að taka ekki efni um helgar. Ekki er gert ráð fyrir neinum lokafrágangi þar sem jafnóðum fyllir í þar sem burt er tekið.

Á efnistökusvæði 3 er sandur á ferð sem vindar færa hann til. Námusvæðið er nánast jafnóðum grætt upp eins og svæðið umhverfis. Áhrif framkvæmda eru því tímabundin í skamman tíma. Efnistökusvæðið er ekki áberandi vegfarendum þar sem melgresishólar skyggja að nokkru leyti á námurnar. Reiðleiðin liggur í fjörunni utan við melgresiskambinn. Aðrir fara ekki eða eiga ekki að fara um svæðið.

Efnistökusvæði 5 er hraun sem er unnið allt niður á 1-4 m dýpi. Áhrif framkvæmda eru varanleg og óafturkræf. Gert er ráð fyrir að frágangur verði með þeim hætti að sprengdir veggir námunnar verði látnir halda sér, allt laust efni á botninum verði unnið og flutt burt og botninn grófjafnaður. Síðan er gert ráð fyrir að svæðið verði grætt upp með þeim gróðri sem fyrir er og sáð hefur verið. Efnistökusvæðið sést ekki frá Eyrarbakkavegi og er

nánast ekki sýnilegt nema þegar að því er komið. Þarna eru ekki á ferðinni gestir eða útvistarfólk. Vegslóðinn sem liggur að námunni er einungis ætlaður þeim sem eru að vinna í námunni.

Í heild mun framkvæmdin litlu eða engu breyta um útlit eða útsýni svæðisins fyrir vegfarendur eða gesti. Það sem raunverulega breytir útliti svæðisins er sandfokið og uppgræðslan.

Mótvægisaðgerðir

Mótvægisaðgerðir felast í uppgræðslu efnistökusvæða 3 og 5 þannig að þau falli sem eðlilegast inn í landslagið og umhverfið sem fyrir er. Lögð er áhersla á reglulega uppgræðslu efnistökusvæðis 3 með tilliti til sandgræðslunnar. Áhersla verður lögð á góða umgengni á framkvæmdartíma.

Niðurstaða

Áhrif framkvæmda varðandi landslag/sjónræn áhrif eru metin óveruleg og að mestu tímabundin.

4.4 Gróður

Gögn og rannsóknir.

Svæðið var skoðað af þeim Ólafi Einarssyni og Jóhanni Óla Hilmarssyni sumarið 2008. Greinargerð þeirra fylgir með (*fylgiskjal 2.2*). Gróðurfari var lýst, plöntur greindar og skráðar. Fáeinum mosum og fléttum var safnað á vettvangi og sýni greind. Þekja og tegundasamsetning háplantna var könnuð á fimm stöðum í tveim gróðursamfélögum, sendið hraun og sandur, plöntur greindar til tegunda og þekja plantna metin sjónrænt í prósentum. Við þær mælingar var notaður rammi 50x50 cm að stærð og staðsetning tekin með GPS tæki. Í greinargerðinni er fjallað um sérstöðu plantna og verndargildi.

Grunnástand

Alls fundust 47 tegundir háplantna á svæðinu, einnig nokkrar tegundir lágplantna, 9 tegundir mosa og 4 tegundir fléttna. Þarna ríkir bersvæðisgróður. Gróðursamfélögin á svæðinu eru ekki sjaldgæf á landsvísu og gróður ekki sérstakur á landsvísu.

Efnistökusvæði 1

Náman sjálf er á gróðurlausu svæði í fjöruborðinu, neðan vaxtalínu melgresis. Gróður er fábreyttur á þessu svæði, þar er eingöngu bersvæðisgróður að finna. Skráðar voru 5 tegundir, þar af þrjár dæmigerðar fjöruplöntur blálilja, fjörukál og fjöruarfi, annars er melgresi mest áberandi ofan fjörumarka.

Efnistökusvæði 3

Námurnar eru í melgresiskambinum innanverðum og sandurinn er þarna á hreyfingu. Gróður er frekar fábreyttur og aðallega bersvæðisgróður að finna. Vegna uppgræðslu er gróðurinn í framför og því fundust einnig plöntur sem ekki teljast til bersvæðisgróður. Skráðar voru 23 tegundir háplantna. Melgresi er mest áberandi plantan á þessu svæði.

Efnistökusvæði 5

Á námusvæðinu sem er í hrauninu fundust alls 34 plöntutegundir. Þar voru blettir þar sem mosi og hraungambri var ríkjandi. Alaskalúpínu hefur verið sáð þarna og var hún

einkennandi háplanta. Melgresi óx í flekkjum, einnig snarrótarpuntur. Blávingull er nokkuð áberandi og víðitegundir eru að skjóta rötum þessu svæði.

Viðmið varðandi mat á áhrifum

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Plöntur sjaldgæfar á landsvísu.

Einkenni áhrifa og vægi

Engin þeirra tegunda sem fundust er sjaldgæf á landsvísu og engar válistaplöntur vaxa á svæðinu.

Sandnámurnar á efnistökusvæði 3 eru á rofsvæði (efni tekið úr fjúkandi hólum eða sjávarkambi). Melgresiskamburinn fer stöðugt hækkandi á þessu svæði og er að verða of hár, melgresið deyr og rof koma í kambinn. Árlegar er það svæði grætt upp sem búið er að vinna.

Frá 1969 hafa Hraunsbændur alfarið séð um landgræðslu á sínu landi í farsælu samstarfi við Landgræðslu ríkisins og árið 2004 fengu þeir landgræðsluverðlaun fyrir þessi störf sín. Það er lítil hætta á því að Hraunsbændur með efnistöku sinni valdi skemmdum á þeirri uppgræðslu sem þeir hafa sjálfið unnið að á undanförunum áratugum og þekkja allra best til aðstæðna.

Mótvægisáðgerðir

Mótvægisáðgerðir felast í uppgræðslu og áburðargjöf til að hvetja þann gróður sem er umhverfis svæðið til að taka sér bólfestu á því á ný að framkvæmdum loknum.

Niðurstaða

Áhrif framkvæmda á gróðurfur eru metin óveruleg.

4.5 Dýralíf

Gögn og rannsóknir.

Svæðið var skoðað af þeim Ólafi Einarssyni og Jóhanni Óla Hilmarssyni sumarið 2008 og einnig var stuðst við eldri athuganir. Greinargerð þeirra fylgir með (*fylgiskjal 2.2*). Allir fuglar sem sáust voru skráðir og bókað sérstaklega ef þeir sýndu varp- eða óðalsatferli.

Sumarið 2000 voru gerðar reglubundnar talningar fugla í Ölfusárósi, *Tómas G Gunnarsson, Bliki 22:1-2 apríl 2001*.

Grunnástand

Náma 1 stendur við Ölfusárós og er innan marka mikilvægs fuglasvæðis sem nefnt er Ósasvæði Ölfusár. Á sjálfu námusvæðinu er mjög lítið fuglalíf. Varpfugl sem fannst þar var kría. Mjög mikið fuglalíf er við ósinn beggja megin Einnig er mikið fuglalíf í ósnum einkum vestan megin innan við Hásteina og talsvert fuglalíf er í ósnum innan við Óseyrartangann.

Við námu 3 er fuglalíf fábreyttast af námusvæðunum. Þar fundust varpfuglar sandlóa og maríuerla.

Við námu 5 er fuglalíf einsleitt. Varpfuglar sem fundust þar voru heiðlóa, spói, þúfutittlingur, maríuerla, steindepill og ummerki voru um hrafnhreiður í námavegg.

Þau spendýr sem vitað er um eru mýs og einnig refir í ætisleit.

Viðmið varðandi mat á áhrifum

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr
- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum

Einkenni áhrifa og vægi

Enginn válistafugl verpir, svo vitað sé, innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Ekki er vitað til þess að villt spendýr haldi til á svæðinu nema mýs. Tófugreni hafa fundist í grenndinni.

Á heildina litið mun stækkun námasvæðanna ekki hafa teljandi áhrif á dýralíf á lands- eða svæðisvísu. Náma 1 er staðsett nærri afar fuglaauðugu svæði, ósasvæði Ölfusár, en sé efni unnið á sama hátt og nú, ættu áhrifin að vera óveruleg. Náman er sjálfbær og framburðurinn sér um fylla á hana.

Mótvægisáðgerðir

Aðgæsla skal viðhöfð kringum námu 1 með tilliti til fuglalífs í grennd. Lögð er áhersla á að viðhalda sömu vinnubrögðum við efnistöfum eins og verið hefur til þessa. Landeigendur og rekstraraðili veitingastaðarins, sem þekkja náð dýralíf svæðisins, munu fylgjast með því eins og verið hefur.

Niðurstaða

Áhrif framkvæmda á dýralíf eru metin óveruleg.

4.6 Jarðfræði

Gögn og rannsóknir.

Svæðið var skoðað af Páli Imsland jarðfræðingi. Gerð var almenn lýsing á jarðfræði og jarðmyndunum á efnistökusvæðinu og umhverfi. Fjallað er um sérstöðu þess og verndargildi. Greinargerð jarðfræðings fylgir með (*fylgiskjal 2.3*).

Grunnástand

Sandnámurnar eru tvær, fjörusandsnáman á Óseyrartanga og foksandsnáman á Hraunsskeiði. Þær innihalda sama efnið, basaltsand, en með ólíkri kornastærð og því er ekki hægt að sameina þær í eina. Sandurinn í eystri námunni, fjörusandsnámunni, er við upphafsstað samsöfnunar sets á fjörunni. Upp í foksandsnámuna berst sandurinn hins vegar af fjörunni fyrir þurrum suðlægum vindum eftir að hafa borist vestur eftir fjörunni frá ósnum.

Framburður, grugg og botnskrið Ölfusár er nær allt komið úr Hvítá. Basaltsandur, að mestu leyti, er kominn ofan af hálendinu. Ekkert lát er á endurnýjun sandsins við ósinn, a.m.k. svo lengi sem eðli Hvítár verður ekki breytt.

Straumar við ströndina hér eru almennt til vesturs meðfram henni. Straumarnir eiga þátt í flutningi efnisins í fjöruborðinu, einkum fínkorna efnis, þegar vindurinn er þurr og sterkur feykir hann sandinum upp í sandskafla og myndar þannig strandfoksandshóla.

Á Óseyrartanga, Hraunsskeiði og Hafnarskeiði eru mestu samfelldu strandfoksandshólar á Íslandi. Svo virðist sem myndun foksandshóla á þessu svæði sé í sókn, meira fjúki upp úr fjörunni af sandi en sem nemur viðhaldi hólanna bæði vegna efnisnámsins í námunum og náttúrulegrar dreifingar efnisins út af svæðinu. Hólarnir virðast vera að stækka, hækka og breiðast út, einkum eftir að farið var að hlúa að gróðurfari á þeim til að draga úr sandfoki. Þessari hækkun þeirra fylgir hætta á að vatnsrof á svæðinu geti náð sér á strik og þannig hefjist niðurbrot hólanna af vatnságangi.

Hraun er undir sandinum allsstaðar meðfram ströndinni á milli Ölfusáróss og Þorlákshafnar og aðeins fáeinir metrar niður á það.

Úti fyrir ósnum eins og hann er nú og talsvert vestur fyrir hann er skerjagarður úr hrauni, Þjórsárhrauninu mikla, sem gerir þennan ós ólíkan flestum ósum sandstrandanna á Suðurströndinni og mótar hann. Líklegt er að sjávarstöðubreytingar hafi meiri áhrif á staðsetningu og tilfærslu hans en ósa á skerjalausri strönd eða á strönd með klettum í fjöruborði. Hraun þetta er vestasta tota Þjórsárhraunsins mikla, sem liggur undir öllum vestanverðum Flóa og er þarna tæplega 20 m þykkt.

Hraunið sem efnistökusvæði 5 er í er tunga úr svokölluðu Leitahrauni sem er helluhraun, og rann fyrir tæpum 5000 árum. Það er gríðarstórt og þekur í kringum 75 km². Leitahraunið er á vinnslustaðnum grátt á grunnlit og nokkuð óþétt, þ.e.a.s. alsett smáum og stórum blöðrum, kólnunarsprungum og brestum. Það er því nokkuð gisið svo að sjaldan standa uppi í því pollar nema mjög skamma stund og er grunnvatnsstreymi um hraunið greitt.

Leitahraun er ekki á náttúruminjaskrá. Verndargildi þessarar hrauntotu er í sjálfu sér lágt. Hér er verið að taka mið af hefðbundni landnotum, sem eru mikil, margvísleg og víða, á Leitahrauninu. Í samræmi við það er lagt til að grjótnáminu í landi Hrauns verði haldið áfram.

Viðmið varðandi mat á áhrifum

- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999
- Lög og önnur stefnuskjöl sem varða jarðmyndanir
- Náttúruminjaskrá

Einkenni áhrifa og vægi

Sandurinn í eystri námunni, fjörusandsnámunni, er við upphafsstað samsöfnunar sets á fjörunni og hefur ekki setið þar lengi.

Síðan vegurinn um Óseyrartangann var lagður 1988 hefur tanginn hækkað, svo væntanlega berst meira að en frá er tekið. Á undanförunum árum hefur verið tekið um 1.500 m³ af sandi af efnistökusvæði 1. Gert er ráð fyrir að árleg efnistaka á efnistökusvæði 1 geti orðið allt að 2.000 m³. Sú aukna magntaka gefur ekki tilefni til að óttast það að Óseyrartanginn hverfi af þeim sökum. Stærð og lögun tangans mótast fyrst og fremst af framburði Ölfusár, skerjagarðinum og sjávarstraumum. Þau mannvirki sem þarna eru næst er Óseyrarbrúin sem er grunduð á hraunbotni, Eyrarbakkavegur, Veitingastaðurinn Hafið Bláa og línurnar. Komi til þess af einhverjum ástæðum að

breytingar verði á strandlengjunni þarna mun efnistöku þar hætt áður en nokkur mannvirki verða í hættu.

Efnistakan í sandnámunum er sjálfbær og námurnar endurnýja sig. Það verður að vísu ekki séð fyrir hversu hratt sandurinn muni endurnýja foksandshólana. Þannig verður ekki séð í smáatriðum eða á skammtímamælikvarða hvernig námurnar fylltust ef vinnslu yrði hætt þar. Það sem inn í námurnar fýkur er nú að mestu leyti unnið jafnóðum og þannig heldur fokið aðeins aftur af stækkun námanna. Þær munu þó væntanlega stækka vegna þeirrar aukningar á efnistöku sem fyrirhuguð er. Því er í raun ekki mikið um það að segja hvernig foksandshólalandslagið muni þróast í námunni í framtíðinni, samhliða vinnslu. Námusvæðið stækkar smám saman en botninn verður græddur upp og byrjar að safna í sig því sem fýkur yfir námurnar og verður til framtíðar ekki sýnilegt sem náma.

Það er því ekkert sem bendir til annars en að með áætluðum efnistökuhraða haldi námuefnið áfram að endurnýjast, þannig að ekki verði skaði á þessum landslagsfyrirbærum, foksandshólunum og sandfjörunni, af efnistöku umfram þau áhrif sem nú þegar eru sýnileg. Verndargildi sandsins er lágt. Sandurinn er venjulegur fjörusandur á íslenska vísu. Hann endurnýjar sig hratt og á framboði hans er ekkert lát. Áhrifin af efnistöku á svæðum 1 og 3 eru því afturkræf, skammtímabundin.

Engin endurnýjun á sér stað í námu 5, grjótnámunni Ekki er hægt að vinna hana dýpra en gert er. Vinnsla hennar gengur jafnt og þétt yfir hraunið þannig að náman stækkar að flatarmáli. Samkvæmt 37. grein laga nr. 44 um náttúruvernd njóta eldhraun eða nútímahraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leitahraun er ekki á náttúruminjaskrá. Hér er verið að taka mið af hefðbundnum landnotum, sem eru mikil, margvísleg og víða á Leitahrauninu. Í samræmi við það er lagt til að grjótnáminu í landi Hrauns verði haldið áfram. Verndargildi hrauntotunnar sem náman er í er ekki mikið. Totan er aðeins örlítið brot af afar stóru hrauni sem frá jarðfræðilegu sjónarmiði er ekki nein sérstök ástæða til að vernda umfram önnur hraun og sem þegar eru nýtt á ýmsa vegur. Áhrifin af efnistöku á svæði 5 eru óafturkræf og varanleg.

Mótvægisáðgerðir

Hófleg efnistaka og aðgát varðandi breytingar á strandlínu og sandfokshólum. Lögð er áhersla á að viðhalda sömu vinnubrögðum við efnistöku eins og verið hefur til þessa. Landeigendur og rekstraraðili veitingastaðarins, sem þekkja náíð svæðið og strandlínuna, munu fylgjast með því eins og hingað til. Verði vart breytingar á strandlínunni sem ætla má að sé vegna efnistökkunnar skal meta stöðuna í samráði við sérfræðinga.

Niðurstaða

Áhrifin af efnistöku á svæðum 1, 3 og 5 eru metin óveruleg.

4.7 Vatnafar

Gögn og rannsóknir.

Lagt er mat á hugsanleg áhrif efnistökkunnar á vatnafar svæðisins og gerð grein fyrir gunnvatnsrennsli og hugsanlegum áhrifum mengunarslyss á vinnslusvæðinu. Skýrsla um vatnafar er hluti af greinargerð Páls Imslands um jarðfræðilegar aðstæður og fylgir hér með (*fylgiskjal 2.3*). Stuðst var við rannsóknir sem gerðar hafa verið af svæðinu.

Grunnástand

Samkvæmt korti (Vatnaskil 2008) af grunnvatnsstraumum á Hellisheiðarsvæðinu sem nær austur undir Ölfusá má sjá stefnu og tiltölulegan styrk grunnvatnsstraums á námusvæðinu. Straumurinn liggur ofan af landinu undir námuna og beint til strandar.

Þar sem sandnámurnar eru á sjálfri ströndinni annars vegar og aðeins fáa tugi metra frá henni hins vegar er grunnt á grunnvatn í þeim báðum. Þetta grunnvatn kemur að öllum líkindum aldrei til með að verða notað sem neysluvatn eða annað gæðavatn. Vegna nálægðar sjávar eru líkur á að það sé saltmengað.

Hrauntotan sem náman er í stendur ekki nema fáa metra upp fyrir sjávarborð, á námusvæðinu sjálfu í kringum 10 m og fer hvergi miklu hærra. Námuna er því ekki hægt að vinna djúpt niður áður en komið er á grunnvatnsflötinn og mengunarslys í námunni yrði ekki lengi að skila mengun niður í grunnvatn. Náman hefur fram að þessu aðeins verið unnin um 4 m niður fyrir hraunfyrirborðið og ekki er hægt að vinna hana dýpra áður en kemur að grunnvatnsborðinu.

Ekki hefur þó verið gerð nein könnun á grunnvatni eða gæðum þess á efnistökusvæðinu sjálfu eða í allra næsta nágrenni og vatnsgæðin því óþekkt. Aðstæður eru slíkar að ólíklegt er að til vinnslu á grunnvatni komi á svæðinu á milli námunnar og sjávar. Því er ekki ástæða til að vernda þetta svæði á forsendum líklegra grunnvatnsnota.

Viðmið varðandi mat á áhrifum

- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. (yfirborðs- og grunnvatn).
- Reglugerð nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns.
- Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Einkenni áhrifa og vægi

Mögulegir mengunarvaldar vatns vegna efnistökkunnar eru eingöngu olíur sem notaðar eru á vinnuvélar. Líkurnar á mengunarslysi við efnistökkuna eru ákaflega litlar. Ekki er gert ráð fyrir að nein olía verði geymd á svæðinu nema í litlum olíukálfí, utan þess sem er í tönkum véla. Olíubíll sér um áfyllingu véla á svæðinu og við viðgerðir og viðhald véla eru þær fluttar af svæðinu. Við leka úr olíugeymum eða vökvakerfi vinnuvéla losnar takmarkað magn út í umhverfið. Ekki er gert ráð fyrir að mengunarhætta geti orðið vegna efnistökkunnar. Efnistökusvæðið er ekki á vatnsverndarsvæði og engin vatnsból þéttbýliskjarna nýta vatnið og koma ekki til með að gera það.

Mótvægisaðgerðir

Framkvæmdaraðilar munu ekki geyma olíubirgðir á svæðinu nema í mjög litlu magni. Lögð er áhersla á gott viðhald vinnuvéla og að lek tæki séu ekki á svæðinu. Meðferð olíu og geymsla hennar á svæðinu skal vera samkvæmt kröfum í reglugerð nr. 35/1994. Verði olíuslys skal gripið til viðeigandi ráðstafana og mengaðan jarðveg skal fjarlægja og farga á móttökustöð sem hefur tilskilin starfsleyfi.

Niðurstaða

Áhrif framkvæmda á vatnafar umhverfis eru metin óveruleg.

4.8 Fornminjar

Gögn og rannsóknir:

Svæðið var skoðað 5. maí 2009 af Bjarna F Einarssyni frá Fornleifafræðistofunni. Á efnistökusvæði 5 er fornleið og þrjár vörður við hana. Skýrsla Fornleifafræðistofunnar fylgir hér á eftir (*fylgiskjal 2.1*) ásamt fornleifaskrá nr. 86:4. Þjóðleið þessi lá frá Hrauni að Þorlákshöfn og er sýnd á núverandi aðalskipulagi. Annað fannst ekki á svæðinu.

Grunnástand:

Fornleiðin lá yfir hraunið og var hún vörðuð en er nú lítt eða ekki sýnileg. Hún liggur yfir efnistökusvæði 5 og er í dag rofin af námu á svæðinu. Tvær vörður (*Fremra-Hafnaskarð*) og eitt vörðubrot eru innan áhrifasvæðis efnistökusvæðis 5. (*fylgiskjal 1.5*)

Viðmið:

- Þjóðminjalög nr. 107/2001
- Fornleifaskrá; Fornleifanefnd-Þjóðminjasafn Íslands.

Einkenni áhrifa og vægi:

Hraunsbændur hafa verndað vörðurnar tvær, vestari, til þessa og mun gera það til framtíðar. Gert er ráð fyrir að vörðubrot austar þurfi að víkja og hluti leiðarinnar við það, sem en er ekki farin. Þarna er ekki um sýnilegar fornminjar nema vörðubrot og leiðin ekki rofin frekar en orðið er á þessu svæði.

Að mati Fornleifafræðistofunnar er leiðin í heild sinni talin hafa talsvert minja- og varðveislugildi, en einstakar vörður, einar og sér, lítið minja- og varðveislugildi.

Mótvægisáðgerðir:

Vörðurnar tvær verða varðveittar og svæði a.m.k. 15 m út frá þeim (*sbr. fylgiskjal 1.5*). Vörðubrotið austar mun falla. Sótt verður um leyfi Fornleifaverndar fyrir því. Innmældar verða vörður og stígur þar sem hann finnst. Komi í ljós við framkvæmdir frekari fornleifar skal Fornleifavernd ríkisins gert viðvart.

Niðurstaða

Áhrif framkvæmda á fornleifar, með mótvægisáðgerðum, eru metin óveruleg.

4.9 Samfélagsleg áhrif

Gögn og rannsóknir.

Skoðuð eru gögn og almennar upplýsingar fyrir svæðið sem snerta þennan kafla. Skoðað er aðalskipulag Ölfuss 2002-2014. Stefnumótun sveitarfélagsins varðandi landnýtingu og atvinnuuppbyggingu, Aðalskipulag 2002-2014, greinargerð.

Grunnástand

Efnistaka vestan Ölfusáróss hefur verið stunduð frá 1960 eins og áður er greint.

Svæðið við ósinn er vinsælt til útivistar að því leyti að þarna er vinsæll veiðistaður. Þá er algengt að ferðalangar um Eyrarbakkeveg stoppi við Óseyrarbrú til að virða fyrir sér ósinn og sjávarföllin, fuglalífið og náttúruna í heild eða geri sér sérstaka ferð til þess.

Veitingastaðurinn Hafið Bláa gerir út á staðinn og útsýnið. Merkt reiðleið er á aðalskipulagi um fjöruna.

Þessi framkvæmd rýrir ekki á neinn hátt landnýtingu þá sem fyrir er. Landsvæðið er fjarri mannabyggð og hefur fyrst og fremst gildi til margskonar nytja og útivistar. Stærð efnistökusvæðanna er svo lítið brot af heildarsvæðinu að ekki skiptir máli í því samhengi.

Efnistaka hefur átt sér stað í Hraunslandi um áratugi og efnið notað til mannvirkjagerðar, iðnaðarframleiðslu og handverks.

Viðmið varðandi mat á áhrifum

- Stefnumótun sveitarfélagsins varðandi landnýtingu og atvinnuuppbyggingu, Aðalskipulag 2002-2014, greinargerð.
- Metin eru áhrif framkvæmda á samfélagslega þætti svo sem landnýtingu, atvinnusköpun, umferð og útivist.

Einkenni áhrifa og vægi

Ekki er séð að framkvæmdin hafi eða muni trufla útivistarfólk eða vegfarendur aðra sem um svæðið.

Framkvæmdin fellur að skipulagsmarkmiðum sveitarfélagsins. Hér er um að ræða framkvæmd þar sem heimamenn standa fyrir nýtingu náttúruauðlinda og tekjur verða til fyrir sveitarfélagið. Í þessu tilliti er framkvæmdin verulega jákvæð, og einnig fyrir mannvirkjagerð í þessum landshluta.

Framkvæmdin fellur vel að efnahagslegum aðstæðum í þjóðfélaginu í dag. Vinnsla innlendra náttúruafna í iðnaðarvörur í stað innfluttra efna, efling atvinnu og gjaldeyrissparnaður.

Grjótnám í námu 5 tryggir gott aðgengi að efni í grjóthleðslu sem viðheldur fornu handverki sem er jákvætt menningarlega séð. Þá er gott aðgengi að efni í brim- og vatnsvarnargarða mikilvægt á þessu svæði þegar á þarf að halda.

Mótvægisáðgerðir

Mótvægisáðgerðir eru virðing og aðgát við landið og hluti innkomu vegna efnistöku fer í að bæta svæðið til framtíðar með uppgræðslu.

Niðurstaða

Fyrir heimabyggð, byggingariðnað, mannvirkjagerð, og til viðhalds fornar handverkaskunnáttu er framkvæmdin verulega jákvæð. Varðandi ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar er framkvæmdin verulega jákvæð.

Í heild eru áhrif framkvæmda á samfélag metin verulega jákvæð.

4.10 Svæði á Náttúruminjaskrá

Engin svæði eru þarna á Náttúruminjaskrá, en Ölfusforir liggja miklu norðar og austar og koma ekki hér við sögu. Ekki eru þarna verndarsvæði samkvæmt náttúruverndarlögum né dýr samkvæmt válistum svo vitað sé og ekkert kemur fram um slíkt í rannsóknum sérfræðinga.

4.12 Samantekt á niðurstöðum á umhverfismati

Hljóðvist	óveruleg
Loftmengun	óveruleg
Landslag/sjónræn áhrif	óveruleg
Gróðurfar	óveruleg
Dýralíf	óveruleg
Jarðmyndanir	óveruleg
Vatnafar	óveruleg
Fornminjar	óveruleg
Samfélag	verulega jákvæð
Útivist.	óveruleg

Heildaráhrif eru metin verulega jákvæð.

5 SKIPULAG, LEYFI

Á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 eru sýnd námusvæði í landi Hrauns, merkt E13-E15. *Fylgiskjal 1.1* sýnir gildandi aðalskipulagsupprátt fyrir þetta svæði og skýringar með eru á *fylgiskjali 1.2*

Sandnám á Óseyratanga er merkt E15. Fyrirhuguð efnistaka á þar (svæði 1) er alls 40.000 m³ á 5 ha svæði en er samkvæmt greinargerð aðalskipulags 100.000-150.000 m³ á 5 ha. Fyrirhuguð efnistaka er innan marka aðalskipulags hvað það varðar. Samkvæmt greinargerð er E15, sandnám ofan fjörumarka, frá árósum að vegi á miðjum tanga. Staðsetning námunar er sýnd vestast á þessu svæði en náman er austast. Þ10, þjónustusvæði sýnt austar á tanganum, er veitingastaðurinn Hafíð Bláa.

Sandnám vestar, beggja megin Eyrarbakkavegur er merkt E14. Fyrirhuguð efnistaka sunnan vegar (svæði 3) er alls 360.000 m³ á 25 ha svæði en er samkvæmt greinargerð aðalskipulags 100.000-150.000 m³ á 5 ha.

Grjótnám norðan vegar er merkt E13. Fyrirhuguð efnistaka (svæði 5) er alls 150.000 m³ á 25 ha svæði en er samkvæmt greinargerð aðalskipulags 100.000-150.000 m³ á 5 ha.

Fyrirhuguð efnistaka í landi Hrauns er því alls 550.000 m³ á 45 ha svæði. Í greinargerð aðalskipulags er gert ráð heildarefnisvinnslu 300-450.000 m³ á 15 ha svæði.

Gerðar verða breytingar á aðalskipulagi fyrir varðandi magn og stærð náma E13 og E14 til samræmis framkvæmd þessari. Einnig löguð staðsetningu námu E15.

Unnið er að endurskoðun Aðalskipulags Ölfus 2010-2022 í samræmi við fyrirhugaða efnistöku sem og umhverfismati breytinganna í samræmi við lög nr. 105/2006. Sveitarfélagið stefnir að því að auglýsa endurskoðað aðalskipulag í nóvember 2009.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir þetta svæði. Í undirbúningi vinna að deiliskipulagi fyrir námuna í samræmi við ákvæði í greinargerð með aðalskipulaginu.

Efnistaka þessi er háð eftirfarandi leyfum, í samræmi við umhverfismat framkvæmdar:
- Framkvæmdaleyfi frá Sveitarfélaginu Ölfusi

- Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Fyrir liggur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og sótt verður um framkvæmdaleyfi þegar umhverfismat þetta hefur verið samþykkt.

6 SAMRÁÐ, KYNNING

Samráð var haft við sveitafélagið Ölfus um undirbúning matsáætlunar. Haft var samráð við lögboðna umsagnaraðila meðan á matsvinnu stendur og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Tillaga að matsáætlun var auglýst í fréttablöðum og almenningi gefin kostur á að koma með athugasemdir. Tillagan var aðgengileg á heimasíðu Bólta ehf: bolti.is, frá 2. mars 2009. Engar athugasemdir voru gerðar.

Skipulagsstofnun fékk matsáætlunina afhenta 17. mars 2009. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna með fréttatilkynningu og á heimasíðu sinni.

Umsagnir komu frá eftirtöldum umsagnaraðilum skipulagsstofnunar:

- Sveitafélagið Ölfus, 30.4.09 Engar athugasemdir gerðar
- Fiskistofa, 3.04.09. Engar athugasemdir gerðar.
- Fornleifavernd ríkisins, 8.04.09 Athugasemdir við svæði 5
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 2.04.09 Athugasemdir um orðaval
- Umhverfisstofnun, 31.03.09 Athugasemd varðandi svæði 5
- Landgræðsla ríkisins, 7.04.09 Athugasemd varðandi svæði 3
- Vegagerðin, 8.04.09. Engar athugasemdir gerðar.
- Siglingastofnun, 7.04.09 Athugasemdir varðandi svæði 1

Umsagnir og athugasemdir umsagnaraðila við matsáætlun, svör framkvæmdaraðila og niðurstaða Skipulagsstofnunar 13. maí 2009. fylgja hér í heild á eftir sem fylgiskjöl 3. Tekið var tillit til þessara athugasemda í frummatsskýrslu.

Frummatsskýrslan var aðgengileg á heimasíðu Bólta ehf: bolti.is, frá 23. september 2009. Engar athugasemdir bárust.

Athugun Skipulagsstofnunar var auglýst í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 29. september 2009. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 29. september til 12. nóvember 2009 á Bókasafni Þorlákshafnar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Umsagnir frá eftirtöldum umsagnaraðilum skipulagsstofnunar:

- Landgræðsla ríkisins, 5.10.09 Engar athugasemdir gerðar
- Vegagerðin, 6.10.09. og 22.10.09 Athugasemd varðandi vegtengingar
- Sveitafélagið Ölfus, 12.10.09 Engar athugasemdir gerðar
- Fornleifavernd ríkisins, 16.10.09 Engar athugasemdir gerðar
- Umhverfisstofnun, 19.10.09 Engar athugasemdir gerðar
- Siglingastofnun, 20.10.09 Engar athugasemdir gerðar
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 20.10.09 Engar athugasemdir gerðar
- Fiskistofa, 29.10.09 Engar athugasemdir gerðar

Umsagnir og athugasemdir umsagnaraðila við frummatsskýrslu fylgja í heild hér á eftir sem fylgiskjöl 4.

Varðandi athugasemd Vegagerðarinnar um veltengingar að námusvæðum þá hafa framkvæmdaraðili og fulltrúi Vegagerðarinnar skoðað aðstæður og sammælt um lagfæringu sem felst í því að hækka tengingu vestasta námuslóðans við Eyrarbakkaveg (34). Enga breytingu þarf að gera á staðsetningu veltenginga.

Hveragerði 20. nóvember 2009

Sigurður Þ Jakobsson

7 GÖGN OG HEIMILDIR

- Hrafnkell Karlsson, staðhættir, efnisnám og landgræðsla
- Hraun, örnefnakort: Örnefnasöfnun Eiríkur Einarsson, teikn. Ingólfur Einarsson, 1969
- Aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014
- Loftmynd, Loftmyndir ehf 2004
- Staðfræðikort Landmælinga Íslands
- Fornleifaskrá; Fornleifanefnd-Þjóðminjasafn Íslands
- Þjóðminjalög nr. 107/2001
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands
- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum
- Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. 7. útgáfa. Reykjavík
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Umhverfisstofnun 2004
- Námur. Efnistaka og frágangur. Guðmundur Arason og Gunnar Bjarnason (ritstj.) 2002
- Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd
- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, m s.br.
- Reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfishrifum
- Reglugerð um hávaða nr. 724/2008
- Lög um hollustuhætti og mengun nr. 7/1998
- Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999
- Reglugerð um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppspretta nr. 788/1999
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
- Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun 2005
- Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisþátta. Skipulagsstofnun 2005.
- Umhverfissráðuneytið 2002: Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnuþróun til 2020. Reykjavík
- Hvítá frá upptökum til ósa, Hjálmar R Bárðarson

- <http://www.olfus.is>
- <http://www.eyrarbakki.is> –Óseyrarnes
- <http://www.south.is/is/ahugaverdir-stadir/Ar/Olfusa>
- <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra>
- <http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/medaltalstoflur/>

- Ljósmyndir, Sigurður Þ Jakobsson
- *Forsíðumynd, gryfjuveggur í námu 1*

8 MYNDIR

- Mynd 1. Náma 1, séð yfir Hásteinasker og sjávarlón innan við
- Mynd 2. Gryfja í námu 1
- Mynd 3. Horft til vesturs ofan við efnistökusvæði 1 að veitingastaðnum Hafinu Bláa
- Mynd 4. Horft að efnistökusvæði 1 af vesturenda Óseyrarbrúar
- Mynd 5. Horft til austurs að námu 1 af hlaði veitingastaðarins Hafið Bláa
- Mynd 6. Horft til suðausturs inn í námu 3a (eystri gryfja)
- Mynd 7. Horft til suðvesturs inn í námu 3b (vestari gryfja)
- Mynd 8. Uppgræðsla á efnistökusvæði 3
- Mynd 9. Horft að efnistökusvæði 3 af Eyrarbakkavegi
- Mynd 10. Horft til austurs yfir hluta námu 5 (dýpri hluti)
- Mynd 11. Horft til norðvesturs yfir hluta námu 5 (Búið að taka efni í hleðslugrjót)
- Mynd 12. Náma 5, hleðslugrjót tilbúið til flutnings
- Mynd 13. Horft að efnistökusvæði 5 af Eyrarbakkavegi
- Mynd 14. Túngarður, hlaðinn úr grjóti úr Hraunsnámu, við Þjóðarbókhöðdu

FYLGISKJÖL 1. Kort og gögn

- 1.1 Hluti úr aðalskipulagskorti Ölfuss 2002-2014.
- 1.2 Skýringar með aðalskipulagskorti
- 1.3 Námur í landi Hrauns, Verkfræðist. Suðurlands ehf, 01.02.09
- 1.4 Afmörkun efnistökusvæða. Bölti ehf
- 1.5 Náma 5, efnistökuáætlun
- 1.6 Hraun, hluti úr örnefnakorti, Eiríkur Einarsson og Ingólfur Einarsson, 1969
- 1.7 Vindrósir frá Eyrarbakka og Þorlákshöfn

FYLGISKJÖL 2. Sérfræðiskýrslur

- 2.1 Fornleifaskráning vegna stækkunar náma í landi Hrauns í Ölfusi, Árness. 05.05.09.
Fornleifafræðistofan, Bjarni F Einarsson.
- 2.2 Fuglar, spendýr og gróður á námusvæðum í landi Hrauns í Ölfusi, júní 2009
Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson
- 2.3 Fjörusandsnáman á Óseyrartanga, foksandsnáman á Hraunsskeiði og grjótnáman á Hrauni, Greinargerð fyrir jarðfræðilegum aðstæðum vegna umhverfismats, júní 2009
Páll Imsland

FYLGISKJÖL 3. Umsagnir umsagnaraðila við matsáætlun

- 3.1 Sveitafélagið Ölfus, 30.4.09.
- 3.2 Fiskistofa, 3.04.09.
- 3.3 Fornleifavernd ríkisins, 8.04.09
- 3.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 2.04.09
- 3.5 Umhverfisstofnun, 31.03.09
- 3.6 Landgræðsla ríkisins, 7.04.09
- 3.7 Vegagerðin, 8.04.09.
- 3.8 Siglingastofnun, 7.04.09
- 3.9 Svör framkvæmdaraðila, 20.04.09.
- 3.10 Skipulagsstofnun – ákvörðun 13.05.09

FYLGISKJÖL 4. Umsagnir umsagnaraðila við frummatsskýrslu

- 4.1 Landgræðsla ríkisins, 5.10.09
- 4.2 Vegagerðin, 6.10.09. og 22.10.09
- 4.3 Sveitafélagið Ölfus, 12.10.09
- 4.4 Fornleifavernd ríkisins, 16.10.09
- 4.5 Umhverfisstofnun, 19.10.09
- 4.6 Siglingastofnun, 20.10.09
- 4.7 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 20.10.09
- 4.8 Fiskistofa, 29.10.09



Mynd 1. Náma 1, séð yfir Hásteinasker og sjávarlón innan við



Mynd 2. Gryfjur í námu 1



Mynd 3. Horft til vesturs ofan við efnistökusvæði 1 að veitingastaðnum Hafinu Bláa



Mynd 4. Horft að efnistökusvæði 1 af vesturenda Óseyrarbrúar



Mynd 5. Horft til austurs að námu 1 af hlaði veitingastaðarins Hafíð Bláa



Mynd 6. Horft til suðausturs inn í námu 3a (eystri gryfja)



Mynd 7. Horft til suðvesturs inn í námusvæði 3b (vestari gryfja)



Mynd 8. Uppgræðsla á efnistökusvæði 3



Mynd 9. Horft að efnistökusvæði 3 af Eyrarbakkavegi



Mynd 10. Horft til austurs yfir hluta námu 5 (Dýpri hlutinn)



Mynd 11. Horft til norðvesturs yfir hluta námu 5 (Búið að taka efni í hleðslugrjót)



Mynd 12. Náma 5, hleðslugrjót tilbúið til flutnings



Mynd 13. Horft að efnistökusvæði 5 af Eyrarbakkavegi



Mynd 14. Túngarður, hlaðinn úr grjóti úr Hraunsnámu, við Þjóðarbókhliðu